

ENDURSKOÐENDARÁÐ

# Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2022

---

Reykjavík 3. júlí 2023

## **Almennt um gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda.**

Ný lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 tóku gildi 1. janúar 2020. Með gildistöku laganna voru innleidd ákvæði tilskipunar ESB nr. 2014/56 og reglugerðar ESB nr. 537/2014. Nýju löggin fela í sér margvíslegar breytingar frá eldri lögum um endurskoðendur nr. 79/2008, meðal annars hvað varðar gæðaeftirlit með endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 94/2019 er endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Þá er endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum (ETA) skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Eftir gildistöku laga nr. 94/2019 setti endurskoðendaráð nýjar reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda nr. 1091/2020 sem leystu af hólmi eldri reglur. Jafnframt tók gildi ný gjaldskrá vegna gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja nr. 1441/2020. Gjaldskráin gildir um innheimtu þjónustugjalda sem standa skulu undir kostnaði við gæðaeftirlit endurskoðendaráðs.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 94/2019 er það hlutverk endurskoðendaráðs að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækji ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, góða endurskoðunarvenju, siðareglur endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Vegna gæðaeftirlits 2022 gaf endurskoðendaráð út þrjá gátlista til notkunar við framkvæmd gæðaeftirlitsins. Jafnframt bættist fjórði gátlistinn við frá Skattinum vegna eftirlits með endurskoðunarfyrtækjum samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Framkvæmd þess eftirlits var falin endurskoðendaráði með samstarfssamningi ráðsins við Skattinn og fór eftirlitið fram samhliða gæðaeftirliti endurskoðendaráðs.

Gátlistar þeir sem notaðir voru við framkvæmd gæðaeftirlits endurskoðendaráðs 2022 eru eftirfarandi:

- Gátlisti 1 – Innra skipulag og gæðakerfi
- Gátlisti 2 – Einstök verkefni
- Gátlisti 3 - Endurmenntun
- Gátlisti 4 - Eftirlit skv. 2. mgr. 38.gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Í framangreindum gátlistum er vísað til ákvæða í lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014, siðareglu og alþjóðlegra endurskoðunarstaðla eins og þeir eru birtir á heimasíðu ifac.org.

Á árinu 2022 gaf endurskoðendaráð einnig út leiðbeiningar um framkvæmd gæðaeftirlits hjá endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum 2022. Leiðbeiningunum er ætlað að vera

gæðaeftirlitsmönnum til aðstoðar við framkvæmd gæðaeftirlitsins. Einnig geta þær gagnast endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum við undirbúning fyrir gæðaeftirlit. Leiðbeiningarnar ná ekki yfir allt það efni sem gæðaeftirlitsmenn þurfa að kunna skil á en er ætlað að vera viðbót við útgefna gátlista og faglega þekkingu, dómgreind og gagnrýni gæðaeftirlitsmanna. Áhersla er lögð á að leiðbeiningarnar hafi að geyma hagnýtar upplýsingar fyrir hlutadeigandi aðila. Gert er ráð fyrir að leiðbeiningarnar verði uppfærðar reglulega eftir því sem þurfa þykir. Leiðbeiningar og gátlista endurskoðendaráðs er að finna á heimasíðu ráðsins, [www.endurskodendarad.is](http://www.endurskodendarad.is).

Endurskoðendaráð ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd gæðaeftirlits samkvæmt 35. gr. laga nr. 94/2019. Fyrir gæðaeftirlit 2022 var ráðinn sérstakur umsjónarmaður með gæðaeftirlitinu en hlutverk umsjónarmanns er að halda utan um gæðaeftirlitið, vera gæðaeftirlitsmönnum til stuðnings og gæta þess að eftirlitið sé framkvæmt á samræmdan hátt. Framkvæmd gæðaeftirlitsins er í höndum sérstakra gæðaeftirlitsmanna sem endurskoðendaráð hefur ráðið til verksins. Að loknu gæðaeftirliti skila gæðaeftirlitsmenn skýrslu til umsjónarmanns gæðaeftirlits. Umsjónarmaður fer yfir skýrslurnar og afhendir endurskoðendaráði að lokum skýrslur og gátlista vegna hvers endurskoðunarfyrtækis til endanlegrar meðferðar.

Endurskoðendaráð leggur eigið mat á niðurstöðu hvernar skýrslu og bregst við í samræmi við það. Samkvæmt 8. mgr. 31. gr. laga nr. 94/2019 skal endurskoðendaráð birta árlega upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

### **Undirbúningur gæðaeftirlits**

Undirbúningur gæðaeftirlits 2022 hófst í upphafi þess árs og voru níu endurskoðunarfyrtækni valin til að sæta gæðaeftirliti. Að þessu sinni voru öll fyrirtækin valin á grundvelli áhættugreiningar endurskoðendaráðs, í samræmi við 1. og 2. mgr. 31. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 4. gr. reglna nr. 1091/2020, þar sem ekkert fyrirtæki sætti endurteknu gæðaeftirliti. Með því að byggja áhættugreiningu á öllum endurskoðunarfyrtækjum á samræmdum áhættuvísnum fæst gagnsætt ferli við val á fyrirtækjum til skoðunar hverju sinni. Áhættumatinu er jafnframt ætlað að tryggja að hverju sinni komi til skoðunar þau fyrirtæki og verkefni þar sem mest áhætta er á því að álit endurskoðanda, eins og það kemur fram í áritun, sé ekki í samræmi við þá vinnu sem er framkvæmd.

Í maí 2022 auglýsti endurskoðendaráð eftir gæðaeftirlitsmönnum til að framkvæma gæðaeftirlitið. Ráðinu bárust 16 umsóknir og var öllum umsækjendum boðin þátttaka í gæðaeftirlitinu. Í september 2022 var haldið námskeið fyrir verðandi gæðaeftirlitsmenn þar sem farið var yfir nánari framkvæmd eftirlitsins.

Í júní 2022 sendi endurskoðendaráð bréf til þeirra fyrirtækja sem valin höfðu verið til að sæta gæðaeftirliti. Í bréfinu voru viðkomandi fyrirtæki upplýst um fyrirhugað gæðaeftirlit og var fyrirkomulag eftirlitsins kynnt nánar.

Áður en gæðaeftirlitið hófst voru endurskoðunarfyrtækini upplýst um það hvaða gæðaeftirlitsmenn myndu annast eftirlitið og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum um hæfi þeirra svo unnt væri að taka tillit til þess ef fram kæmu athugasemdir sem byggðu á gildum rökum.

Áður en skoðun einstakra endurskoðunarverkefna hófst þurftu gæðaeftirlitsmenn að staðfesta óhæði sitt og undirrita sérstaka trúnaðaryfirlýsingu. Var þeim ekki heimilt að hefja vinnu fyrr en endurskoðendaráð og/eða umsjónarmaður gæðaeftirlits hefðu móttengið og yfirfarið þær staðfestingar.

### **Framkvæmd gæðaeftirlits**

Gæðaeftirlitið fór fram á starfsstöð þeirra endurskoðunarfyrtækja sem sættu eftirliti. Um nánara fyrirkomulag gæðaeftirlitsins vísast til reglna nr. 1091/2020 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja. Að loknum fundum með fyrirsvarsmönnum fyrirtækjanna og umsjónarmönnum gæðakerfa var framkvæmd skoðun á gæðakerfum fyrirtækjanna. Að þeirri skoðun lokinni fór fram val á þeim endurskoðendum og endurskoðunarverkefnum sem til skoðunar komu í eftirlitinu.

Skoðun á einstökum verkefnum í gæðaeftirliti byggir á gátlista 2 og hefur hún tvíþættan tilgang. Annars vegar er henni ætlað að leiða í ljós virkni innra gæðakerfis endurskoðunarfyrtækisins og hins vegar að vera eftirlit með einstökum endurskoðendum. Við ákvörðun um það hvaða endurskoðendur sæta eftirliti hverju sinni og hvaða verkefni eru valin til skoðunar er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. Niðurstaða gæðaeftirlits með gæðakerfi endurskoðunarfyrtækisins. Slök niðurstaða úr því eftirliti ætti að jafnaði að auka eftirlit með einstökum endurskoðendum og verkefnum og öfugt. Eftirlit með gæðakerfum er þó aldrei nægilegt eitt og sér.
2. Árafjöldi frá því hver og einn endurskoðandi hefur sætt gæðaeftirliti.
3. Niðurstöður síðasta innra gæðaeftirlits hvers endurskoðanda.
4. Niðurstöður síðasta opinbera gæðaeftirlits hvers endurskoðanda.
5. Umfang verkefna hvers endurskoðanda hjá endurskoðunarfyrtækini.
6. Verkefni, þar sem hagsmunir notenda reikningsskilanna eru brýnni og víðtækari, ætti að velja frammar öðrum verkefnum. Nauðsynlegt er þó að einnig séu tekin til skoðunar minni og einfaldari verkefni til að hægt sé að leggja mat á raunverulega virkni gæðakerfis endurskoðunarfyrtækisins.
7. Verkefni sem þegar hefur sætt innra gæðaeftirliti. Tilgangurinn með því vali er að prófa virkni þess innra eftirlits sem innbyggt er í gæðakerfi endurskoðunarfyrtækisins.

Gæðaeftirlitið skiptist í fjóra hluta. Fyrsti hluti eftirlitsins er tvíþættur. Annars vegar snýr sá hluti að því að kanna hvort endurskoðunarfyrtæki og endurskoðendur, sem hjá því starfa, uppfylli skilyrði II. og IV. kafla laga nr. 94/2019, reglugerðar nr. 1010/2020 um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda, reglna nr. 1092/2020 um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda og hámark eigin áhættu, reglugerðar nr. 666/2020 um opinbera skrá yfir endurskoðendur og 13. gr. reglugerðar ESB nr. 537/2014 varðandi gagnsæisskýrslur endurskoðunarfyrtækja sem endurskoða einingar tengdar almannahagsmunum (ETA). Hins vegar snýr fyrsti hluti eftirlitsins að því að kanna hvort innra

gæðaeftirlitskerfi endurskoðunarfyrtækis uppfylli ákvæði laga nr. 94/2019 um endurskoðendur, ákvæði alþjóðlega gæðastaðalsins ISQC 1 og reglugerðar ESB nr. 537/2014, auk siðareglna.

Í öðrum hluta gæðaeftirlitsins er farið yfir einstök endurskoðunarverkefni hjá þeim fyrirtækjum sem hafa haft endurskoðun með höndum. Þar kemur til skoðunar hvort farið sé að innri gæðareglum, hvort skipulag og framkvæmd endurskoðunar sé í samræmi við lög og staðla og hvort eðlilegt og rökrétt samhengi sé á milli niðurstöðu endurskoðunar og þeirra vinnugagna sem til staðar eru í endurskoðunarskrám.

Þriðji hluti gæðaeftirlitsins beinist að því að staðfesta að endurskoðandi hafi fullnægt skyldu til að afla sér endurmenntunar í samræmi við ákvæði 9. gr. laga nr. 94/2019, sbr. einnig reglugerð nr. 665/2020 um endurmenntun endurskoðenda.

Fjórði hluti gæðaeftirlitsins beinist að aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í samræmi við lög nr. 140/2018. Undanfarin ár hefur endurskoðendaráð haft með höndum framkvæmd þess eftirlits samkvæmt samningi við Skattinn sem er lögbundinn eftirlitsaðili með því að endurskoðunarfyrtæki uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögnum, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 140/2018. Athugasemdir og ábendingar gæðaeftirlitsmanna vegna þessa þáttar gæðaeftirlitsins voru sendar Skattinum til úrlausnar.

Hjá þeim níu endurskoðunarfyrtækjum sem sættu gæðaeftirliti 2022 vegna reikningsársins 2021 var framkvæmt gæðaeftirlit á samtals 32 endurskoðunarverkefnum en meðal þeirra verkefna voru 13 ETA verkefni. Verkefni voru unnin af alls 38 endurskoðendum þar sem tveir endurskoðendur önnuðust endurskoðun nokkurra endurskoðunarverkefna. Sjö endurskoðunarverkefni voru með sameiginlega áritun, þ.á.m. fjögur ETA verkefni. Í sjö tilvikum var framkvæmt gæðaeftirlit á tveimur endurskoðunarverkefnum sem unnin voru af sama endurskoðanda. Þess má geta að öll endurskoðunarfyrtækin sem sættu gæðaeftirliti 2022 höfðu endurskoðað reikningsskil vegna ársins 2021.

Gæðaeftirlitið hófst í september 2022. Af ýmsum ástæðum dróst framkvæmd þess hjá nokkrum endurskoðunarfyrtækjum en eftirlitinu lauk á fyrri hluta árs 2023.

Við gæðaeftirlitið var tekið tillit til stærðar og umfangs endurskoðunarverkefna og við það miðað að skráning og öflun endurskoðunargagna væri í samræmi við tilmæli ISA staðlanna og nægilegur rökstuðningur væri fyrir því áliti endurskoðandans sem fram kemur í áritun hans á endurskoðaðan ársreikning. Jafnframt hefur gæðaeftirlitið þann tilgang að miðla gagnlegum ábendingum til þeirra sem sæta gæðaeftirliti. Eðli máls samkvæmt gildir það verklag við gæðaeftirlit að byggja verður á skráningu endurskoðunar í því verkefni sem er til skoðunar hverju sinni, en skráning, öflun og varðveisla endurskoðunargagna hefur alltaf verið mikilvægur þáttur endurskoðunar.

### **Niðurstaða gæðaeftirlitsins**

Endurskoðendaráð fór yfir skýrslur gæðaeftirlitsmanna jafnóðum og þær bárust frá umsjónarmanni gæðaeftirlitsins og tók afstöðu til frekari meðferðar, sem fólst í eftirfarandi:

- Ef ekki komu í ljós annmarkar var málinu lokið. Endurskoðendaráð óskaði þó eftir frekari upplýsingum og gögnum ef slíkt þótti nauðsynlegt til að komast að niðurstöðu.
- Þar sem endurskoðendaráð taldi að til greina kæmi að bæta við ábendingu/athugasemd sem ekki kom fram í gæðaeftirlitsskýrslu gæðaeftirlitsmanna, var viðkomandi endurskoðunarfyritæki/endurskoðanda greint frá því og honum veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.
- Ef óverulegir annmarkar á endurskoðun komu í ljós var máli lokið með tilmælum til viðkomandi endurskoðunarfyritækis/endurskoðanda um að bæta úr þeim.
- Ef verulegir annmarkar komu í ljós mat endurskoðendaráð í hverju tilviki fyrir sig hvort þörf væri á endurteknu eftirliti eða hvort máli yrði lokið með tilmælum um breytta starfshætti í framtíðinni. Í nokkrum tilvikum krafðist endurskoðendaráð þess jafnframt að ráðinu yrði, innan tiltekins frests send úrbótaáætlun eða staðfesting þess að nánar tilteknar úrbætur hefðu þegar verið gerðar innan endurskoðunarfyritækis.

## Niðurstöður gæðaeftirlits 2022

Fjöldi endurskoðunarfyrtækja sem sættu gæðaeftirliti 9

Fjöldi endurskoðunarverkefna í gæðaeftirliti 32

**ETA verkefni** **13**

Engar athugasemdir eða ábendingar	3
Einungis ábendingar	4
Einungis athugasemdir	2
Athugasemdir og ábendingar	4
Engin viðurlög	11
Einungis sekt (fyrtæki)	0
Áminning og endurtekið eftirlit	0
Krafa um staðfestingu á úrbótum	2
Ábending send til ársreikningaskrár	0

**Önnur verkefni en ETA** **19**

Engar athugasemdir eða ábendingar	5
Einungis ábendingar	3
Einungis athugasemdir	3
Athugasemdir og ábendingar	8
Engin viðurlög	10
Einungis áminning	0
Einungis sekt	0
Áminning og sekt	0
Áminning og endurtekið eftirlit	0
Áminning, endurtekið eftirlit og sekt	0
Krafa um staðfestingu á úrbótum	1
Ábending send til ársreikningaskrár	0

**Gæðakerfi endurskoðunarfyrtækja** **9**

Engar athugasemdir eða ábendingar	3
Einungis ábendingar	3
Einungis athugasemdir	2
Athugasemdir og ábendingar	1
Krafa um úrbætur á gæðakerfi	6

## Niðurstöður gæðaeftirlits 2022 eftir gátlistum

- **Gátlisti 1 – Innra skipulag og gæðakerfi**
  - Athugasemdir/ábendingar hjá 6 fyrirtækjum
- **Gátlisti 2 – Einstök verkefni**
  - Athugasemdir og/eða ábendingar hjá 9 fyrirtækjum vegna samtals 32 endurskoðunarverkefna. Af þeim voru 10 ETA verkefni
- **Gátlisti 3 – Endurmenntun**
  - Athugasemdir/ábendingar hjá 0 fyrirtæki

Ef niðurstöður gæðaeftirlitsins eru skoðaðar má sjá að engar athugasemdir/ábendingar voru gerðar vegna 23,1 % ETA verkefna samanborið við 26,3% verkefna sem ekki eru ETA. Á síðasta ári var hlutfall athugasemda/ábendinga vegna ETA verkefna 33,3% samanborið við 12,1% vegna verkefna sem ekki voru ETA.

Af þeim 32 endurskoðunarverkefnum sem til skoðunar komu í gæðaeftirlitinu var einhverri tegund viðurlaga beitt vegna niðurstöðu gæðaeftirlits á 3 endurskoðunarverkefnum eða í 9,4% tilvika. Af þeim 3 verkefnum eru 2 ETA verkefni og 1 verkefni sem ekki eru ETA. Miðað við heildarfjölda ETA verkefna í gæðaeftirlitinu var viðurlögum beitt í 15,4% tilvika samanborið við 5,3 % tilvika þegar ekki var um að ræða ETA verkefni.

Þá kemur fram að af þeim 9 endurskoðunarfyrirtækjum sem sættu gæðaeftirliti á árinu 2022 voru gerðar athugasemdir og/eða ábendingar hjá 6 fyrirtækjum vegna annmarka á gæðakerfi. Var þeim öllum gert að senda endurskoðendaráði staðfestingu á því að fullnægjandi uppfærsla gæðakerfis hafi farið fram.

Ef litið er til fjölda athugasemda í gæðaeftirlitinu má nefna að engar athugasemdir/ábendingar voru gerðar vegna niðurstöðu gæðaeftirlits á 8 endurskoðunarverkefnum, gerðar voru 1–4 athugasemdir/ábendingar vegna niðurstöðu gæðaeftirlits á 14 endurskoðunarverkefnum og 5–9 athugasemdir vegna niðurstöðu gæðaeftirlits á 6 endurskoðunarverkefnum. Þá voru gerðar 10 eða fleiri athugasemdir vegna niðurstöðu gæðaeftirlits á 4 endurskoðunarverkefnum. Mestur fjöldi athugasemda/ábendinga vegna gæðaeftirlits á einu verkefni var samtals 16, þar af voru 8 ábendingar og 8 athugasemdir.

Einnig má nefna að í gæðaeftirliti 2021 voru í fyrsta sinn lagðar á stjórnvaldssektir samkvæmt nýrri heimild í 49. gr. laga nr. 94/2019 og voru slíkar sektir lagðar á 3 endurskoðunarfyrirtæki. Í gæðaeftirliti 2022 voru hins vegar engar stjórnvaldssektir lagðar á endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki. Þá má geta þess að í gæðaeftirliti 2022 var engum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki veitt áminning vegna niðurstöðu gæðaeftirlits samanborið við árið



2021 þar sem veittar voru áminningar vegna niðurstöðu gæðaeftirlits á sjö endurskoðunarverkefnum. Jafnframt var engu endurskoðunarfyrirtæki gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti vegna niðurstöðu gæðaeftirlits 2022 samanborið við 3 endurskoðunarfyrirtæki sem gert var að sæta endurteknu gæðaeftirliti vegna niðurstöðu gæðaeftirlits 2021. Með hliðsjón af framangreindu má því segja að í heild hafi gæðaeftirlit ársins 2022 komið nokkuð betur út en gæðaeftirlit ársins 2021.

